



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Langholt

Starfsáætlun 2019-2020

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat Bláaland	5
2.1 Markmið Rauðaland börn fædd	6
2.2 Gulaland	7
2.3 Smálönd.....	9
2.4 Undraland	10
2.5 Álfaland.....	11
2.6 Dvergaland næst elsti árgangur	12
2.7 Dvergaland elsti árgangur	13
2.8 Innra mat Furðuland.....	14
3 Ytra mat	16
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
6 Foreldrasamvinna.....	20
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
8 Fylgigögn.....	21
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	21
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	21
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	21



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Nú er annar veturinn að klárast eftir að ég tók við sem leikskólastjóri á Langholti. Þessi vetur hefur að mínu mati gengið nokkuð vel. Stjórnenda teymi skólans tók ákvörðun um það síðasta sumar að áherslur skólans væru Útinám, Læsi, og íslenska sem annað mál. Hefur þetta verið okkar rauði þráður í starfinu í vetur. Við erum þó enn að feta okkur í þá átt að Langholt sé einn skóli með 8 deildum, þar sem stöðug þróun á sér stað í námi barna. Nokkrar breytingar hafa náð í gegn sem við erum öll sátt með s.s það er lesið fyrir öll börn á hverjum degi, öll börn óháð aldri fara í útinám, Unnið er markvissara starf með börn sem eru með íslensku sem annað mál. Við vorum með verkefnastjóra í vetur sem sá um að útbúa móttökuáætlun og aðstoðaði deildastjóra við að gera tungumál og menningu allra sýnilega á öllum deildum.

Við tókum ákvörðun sækja um A hluta þróunarstyrks við innleiðingu nýju Menntastefnuna til efla okkur sem heild, styrkja stjórnendateymið í samvinnu og innleiðingu á þeim aðferðum sem við höfum ákveðið að nota í læsis kennslu. Nefndum við verkefnið Eftir höfðinu dansa limirnir sem vísar í að ef við erum öll meðvituð um hvert við stefnum með skýr markmið og leiðir er mun auðveldara að fá allt starfsfólkið til að dansa í takt við okkur.

Þó er það alltaf þannig þegar maður er búin að vera í nokkur tíma á nýjum stað sér maður að sumt gengur ekki upp. Við erum með færanlega kennslustofu sem sett var til bráðabyrgða í garðinn 2011, hún er þar enn og er svo langt í frá að vera viðunandi umhverfi fyrir börn og starfsmenn. Síðustu ár hafa verið þar inni 27 þriggja ára börn og 5 starfsmenn. Húsið er mjög illa hannað og þessi samsetning gengur ekki upp. Við höfum því ákveðið að næsta vetur munu þarna vera tvær deildar, með 15 börnum hvor. Því verður Langholt 9 deilda skóli næsta vetur. Ég mun svo leggja ríka áherslu á að þetta hús verði tekið og við fáum annað sem hentar leikskólakennslu.

Á Langholti er ekki til nein námskrá og hefur ekki verið gerð slík síðan Langholt varð til 2011. Þetta finnst mér mjög slæmt fyrir skólann og munum við fara í að undirbúa vinnu að námskrá. Var ég aðeins að bíða eftir Menntastefnunni. Námskráin verður svo unnin með hana til hliðsjónar og verður gott að nota þau fylgiskjöl sem komu með henni.

Í Leikskólanum vinnur sterkur kjarni sem samanstendur af leikskólakennurum, fólki með aðra uppeldismenntun og mjög reynslu miklum einstaklingum sem margir hverjir hafa unnið lengi við kennslu í leikskólim. Nú í vor voru 5 starfsmenn að útskrifast úr Kennaraháskólanum sem starfa hjá okkur 2 úr Grunnskólafræði, 1 úr Leikskólafræði, 1 að klára B.Ed í leikskólakennarafræðum og ein



með Meistarapróf í leikskólakennarafræðum. Erum við mjög stolt af þessum hópi. Munu þau öll nema ein sem er að flytja út á land vinna áfram á Langholti næsta vetur.

Starfsmenn á Langholti hafa tekið þátt í tilrauna verkefninu stytting vinnuvikunnar frá því í febrúar 2018. Það eru mjög blendnar tilfinningar til þessa verkefnis hjá mér. Ég held að við getum öll verið sammála því að fá þriggja klukkustunda styttingu einu sinni í viku er frábært. En mér finnst lítið hafa verið skoðað hver fórnar kostnaðurinn er fyrir börnin. Það er mikið talað um að ekki megi vera þjónustufall við styttingu, en það hefur ekki verið skilgreint hvað er þjónustufall hjá okkur. Það að u.þ.b 10 starfsmenn fari heim kl 13, 3-4 daga vikunnar getur varla verið annað en skert þjónusta við börnin. Núna bíðum við bara eftir kjarasamningum til að sjá hvort og þá hvernig stytting verði næsta vetur.



2 Innra mat

Bláaland

Á Bláalandi eru yngstu börn leikskólans 13 talsins. Í upphafi vetrar voru þar sex börn starfsmanna leikskólans öll í kringum 12 mánaða. Starfsmenn deildarinnar voru Deildarstjóri (leikskólakennari), reynslumikill starfsmaður og einn nýr starfsmaður. Aðlögunin gekk vel hjá flestum börnum miðað við aldur barnanna. Um áramótin fór deildarstjórinn í veikindaleyfi en stefnir á að koma aftur til starfa eftir sumarfrí. Nýr deildarstjóri var ekki ráðinn inn í staðann sökum þess að ekki var vitað hversu langt veikindaleyfið yrði. Starfsmenn deildarinnar stóðu sig mjög vel í að halda áfram faglegu starfi deildarinnar.

Markmið Bláaland börn fædd 2018

Umbótaþættir Bláadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Læsi	Að við lesum a.m.k. einu sinni á dag fyrir alla. Kenna einfaldar þulur og rím. Nota Lubba	Samvera tvisvar á dag og hópnum tvískipt. Nýta stundum vinnustundir á morgnana í lestur	Þegar aðlögun er lokið og útveturinn	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir vinna saman að markmiðunum	Nýta deildarfundi til að ræða saman um hvernig gengur. Vera duglegar að skrá	Aukinn orðaforði og áhugi og virðing fyrir bókum. Geta lesið í umhverfið
Útinám	Að börnin njóti útiveru í allskonar veðri. Veita þeim öryggi í	Fara út a.m.k. einu sinni á dag	Þegar aðlögun er lokið og útveturinn	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir vinna saman að markmiðunum	Nýta deildarfundi til að ræða saman um hvernig	Aukinn áhugi á útiveru. Þekkja sitt nærumhverfi



Íslenska sem annað mál	garðinum og fara í stuttar ferðir eftir áramót				gengur. Vera duglegar að skrá	
	Veita öryggi fyrir barn og foreldri. Vera með málörvandi umhverfi	Setja orð á hluti og athafnir. Nýta allar stundir (fataklefi, matartíminn, skiptitímar)	Þegar aðlögun er lokið og út veturinn	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir vinna saman að markmiðunum	Nýta deildarfundi til að ræða saman um hvernig gengur. Vera duglegar að skrá	Aukinn skilningur, tal og öryggi í íslensku umhverfi

2.1 Markmið Rauðaland börn fædd

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Læsi	Að lesið verði fyrir hvert barn einu sinni á dag eða oftár.	Að lesið verði fyrir börnin við hvert tækifæri, eftir morgunmat, í samverustundum fyrir og eftir hádegi. Skiptum um bækur reglulega.	Í haust eftir að aðlögun barnanna er lokið og lýkur í júlí 2020.	Sigríður deildarstjóri ber ábyrgð á að áætluninni sé framfylgt. Starfsmenn á deildinni fara eftir áætluninni.	Skrá bækur sem er búið að lesa og ræða saman á deildarfundum.	Að börnin hafi aukið orðaforða sinn og að málskilningur þeirra hafi aukist og geta þeirra til þess að tjá sig.
Útinám	Að öll börn á deildinni komist í útinám og þekki nær umhverfi sitt.	Stefnt er að því að fara í gönguferð einu sinni í viku,	Í haust eftir að aðlögun barnanna er lokið og lýkur í júlí 2020.	Sigríður deildarstjóri ber ábyrgð á að áætluninni sé framfylgt.	Skráning fer fram með því að birta myndir í hverri viku.	Að börnin upplifi sig örugg í nær umhverfi sínu og að



Íslenska sem annað mál		fyrstu ferðirnar eru í styttra lagi og svo verða þær lengri eftir því sem líður á veturinn.		Starfsmenn á deildinni fara eftir áætluninni.	Rætt verður saman á deildarfundum og starfsdögum.	Þau þekki sitt nánasta umhverfi.
	Að börn af erlendum uppruna geti tjáð sig á íslensku og skilið íslensku.	Lesi fyrir barnið, leggja orð á allt sem fram fer á deildinni og fá barnið til þess að tjá sig og endurtaka orð. Nota 10 mínútna aðferðina.	Í haust eftir að aðlögun barnanna er lokið og lýkur í júlí 2020.	Sigríður deildarstjóri ber ábyrgð á að áætluninni sé framfylgt. Starfsmenn á deildinni fara eftir áætluninni.	Ræða saman á deildarfundum og starfsdögum. Fylgjast með og skrá.	Að börnin geti skilið íslensku og tjáð sig á íslensku. Að þau auki við málskilning sinn.

2.2 Gulaland

	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Útinám	Að öll börn fari í útinám a.m.k tvisvar í mánuði. Að börnin byrji að þekkja nærumhverfi leikskólans.	Áætlað er að fara í hverri viku í útinám. Við förum á heimasvæði sem er í stuttu göngufæri við leikskólann og færum okkur svo lengra frá leikskólanum eftir því sem líður á veturinn.	Hefst þegar aðlögun á nýjum börnum er lokið og lýkur í vor.	Deildarstjóri með góðri aðstoð annara starfsmanna á deildinni	Ræða saman á deildarfundum. Fylgjast með og skrá. Endurmat eftir haustönn og svo aftur eftir vorönn	Að öll börn kynnist útinámi og þekki heimasvæði vel og verði öruggt í námi úti
Íslenska sem annað mál	Að erlendu börnin fái góðan grunn í íslensku	Með því að leggja orð á allt sem við erum að gera, lesa fyrir barnið, tala mikið við barnið, endurtaka	Hefst þegar aðlögun á nýjum börnum er lokið og lýkur í vor.	Deildarstjóri með góðri aðstoð annara starfsmanna á deildinni	Ræða saman á deildarfundum. Fylgjast með og skrá. Endurmat eftir haustönn og svo aftur eftir vorönn	Að öll börnin auki við skilning sinn og tjáningu
Læsi	Að lesið verið fyrir öll börn a.m.k einu sinni á dag helst oft	Alltaf lesið í ávaxtastund á morgnanna og a.m.k í annari samverustundinni yfir daginn	Hefst þegar aðlögun á nýjum börnum er lokið og lýkur í vor.	Deildarstjóri með góðri aðstoð annara starfsmanna á deildinni	Ræða saman á deildarfundum. Fylgjast með og skrá. Endurmat eftir haustönn og svo aftur eftir vorönn	



Sjálfs hjálpi	Að börnin verði orðin ágætlega sjálfsbjarga í fataklefanum og við matarborðið	Hvetja börnin og kenna þeim hvernig þau geti gert sjálf	Hefst þegar aðlögun á nýjum börnum er lokið og lýkur í vor.	Deildarstjóri með góðri aðstoð annara starfsmanna á deildinni	Ræða saman á deildarfundum. Fylgjast með og skrá. Endurmat eftir haustönn og svo aftur eftir vorönn	Að börnin auki færni sína í sjálfs hjálpi
----------------------	---	---	---	---	---	---

2.3 Smálönd

Umbótahættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Læsi	Að hverju er stefnt? Markvissar Lubbastundir og aukin gæði.	Hvernig framkvæmuðum við það? Ritmál sýnilegt, lubbastund, lestrarstund. allir fá lestarstund 1x á dag í minni hópum.	Haust fram á vor.	Hver ber ábyrgð? Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum) Ræða saman á deildarfundum og fylgjast gagnrýnið með og skrá.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útinám	Gönguferðir 1x í viku		Haust fram á vor	Allir	Ræða saman á deildarfundum og fylgjast gagnrýnið með og skrá.	Að börn læri og kynnist náttúrunni og íslensku veðri. Úthald aukist.
Íslenska sem annað mál		Markviss málörvun, í stærri og minni hópum. 10 mín reglan,	Haust fram á vor.	Kolbún og annað starfsfólk	Ræða saman á deildarfundum og fylgjast gagnrýnið með og skrá.	



2.4 Undraland

Undraland Yngri árgangur Fædd 2015						
Læsi	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
	Við stefnum að því að Lubbastundir og lesstundir verði markvissar á deildinni.	Öll börn fá Lubbastund einu sinni í viku. Öll börnin fá lestrarstund a.m.k einu sinni á dag.	Frá hausti fram á vor.	Starfsfólk deildarinnar.	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum og fylgist gagnrýnið með .	Að orðaforðinn og málskilningur aukist hjá börnunum
Útinám	Að börnin njóti sín í útiveru og þekki nær umhverfi leikskólans.	Við ætlum í ferðir annan hvern mánudag skipuleggjum þær fyrirfram.	Frá hausti fram á vor. Útinám liggur að mestu leyti niðri í desember og janúar	Starfsfólk deildarinnar.	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum. Skráningar eftir ferðirnar	Að börnin læri á og kynnist náttúrunni og íslensku veðri, og að úthald þeirra aukist.
	Íslenska sem annað mál	Að öll börn njóti sín og skilji það sem fram fer.	Markviss málörvun í stærri og minni hópum. 10.mín reglan verður notuð.	Frá hausti fram á vor.	Starfsfólk deildarinnar.	Að börn með íslensku sem annað mál verði öruggara í samskiptum. Aukinn skilningur og meiri orðaforði



2.5 Álfaland

Álfaland- Börn fædd 2015.	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Umbótaþættir						
Læsi	-Efla málþroska, m.a. málskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund. -Jákvæð samskipti. -Nýta Lubba í daglegu starfi.	-Sögu- og samverustundir daglega. -Lesið fyrir öll börn a.m.k einu sinni á dag. -Börnunum kenndar flóknari þulur og söngtextar. -Læsishvetjandi umhverfi á deildinni.	Allt skólaárið	Starfsfólk deildarinnar -Allir á deildinni vanda sig í samskiptum og eru góðar fyrirmyndir.	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum og fylgist gagnrýnið með.	-Aukinn orðaforði málskilningur og hljóðkerfisvitund.
Útinám	-Að útinámið verði markvisst og tengist starfinu á deildinni. -Að börnin njóti sín í útiveru og læri að meta umhverfi sitt.	-Hópurinn, sem eru 24 börn, munu fara í útinám aðra hverja viku. - Börnin læra að þekkja nærumhverfi sitt. Fara í heimilisheimsóknir og kynnast hverfinu sínu.	Frá hausti fram á vor	Deildastjóri skipuleggur útinámið í samvinnu við aðra starfsmenn deildarinnar.	Skráningar úr ferðum. Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum	-Að börnin þekki nærumhverfi leikskólans, náttúruna og íslensku málið, og að útinám þeirra aukist.
Íslenska sem annað mál	-Skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning. -Lesið bækur við hæfi. -Auka öryggi barna í samskiptum	-Lestur á hverjum degi í minni hópum ef þarf. -Setja orð á alla hluti og allar athafnir í öllu daglegu starfi. -Tala skýrt, endurtaka orð/setningar á réttan hátt. -10 mínútna reglan	Allt skólaárið	Allir starfsmenn deildarinnar eru meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi, tala skýrt og vera málfyrirmyndir.	Einn leikskóli mörg tungumál. Leiðavísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli.	-Aukinn skilningur orðaforði. -Aukið öryggi í samskiptum og íslensku umhverfi.



2.6 Dvergaland næst elsti árgangur

Dvergaland-2015 árgangur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Umbótaþættir						
Læsi	-Efla málþroska, m.a. málskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitu nd. -Jákvæð samskipti. -Nýta Lubba í daglegu starfi.	-Sögu- og samverustundir daglega. -Lesið fyrir öll börn a.m.k einu sinni á dag. -Börnunum kenndar flóknari þulur og söngtextar. -Læsishvetjandi umhverfi á deildinni.	Allt skólaárið	Starfsfólk deildarinnar -Allir á deildinni vanda sig í samskiptum og eru góðar fyrirmyndir.	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum og fylgist gagnrýnið með.	-Aukinn orðaforða málskilningur og hljóðkerfisvitur.
Útinám	-Að útinámið verði markvisst og tengist starfinu á deildinni. -Að börnin njóti sín í útiveru og læri að meta umhverfi sitt.	Börnin, munu fara í útinám aðra hverja viku. - Börnin læra að þekkja nærumhverfi sitt. Fara í heimilisheimsóknir og kynnst hverfinu sínu á vori til í stað haust.	Frá hausti fram á vor	Erla skipuleggur útinámið fyrir yngri hópinn í samvinnu við aðra starfsmenn deildarinnar. Hugrún starfsmaður elstu deildar sér um eldri hópinn í útinámi.	Skráningar úr ferðum. Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum.	-Að börnin þekki nærumhverfi leikskólans, náttúruna og íslensku veður og að útinám þeirra aukist.
Íslenska sem annað mál	-Skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning. -Lesið bækur við hæfi. -Auka öryggi barna í samskiptum	-Lestur á hverjum degi í minni hópum ef þarf. -Setja orð á alla hluti og allar athafnir í öllu daglegu starfi. -Tala skýrt, endurtaka orð/setningar á réttan hátt. -10 mínútna reglan	Allt skólaárið	Allir starfsmenn deildarinnar eru meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi, tala skýrt og vera málfyrirmyndir.	Einn leikskóli mörg tungumál. Leiðavísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli.	-Aukinn skilningur orðaforði. -Aukið öryggi í samskiptum og íslensku umhverfi.



2.7 Dvergaland elsti árgangur

Dvergaland-2014 árgangur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árgangur
Umbótaþættir						
Læsi	Að börnin verði læs á umhverfið. Efla málþroska og orðaforða. Jákvæð samskipti.	-Sögu- og samverustundir daglega. -Lesið fyrir öll börn a.m.k einu sinni á dag. -Börnunum kenndar flóknari þulur og söngtextar. -Læsishvetjandi umhverfi á deildinni.	Allt skólaárið	-Deildarstjóri ber ábyrgð á að allir fari eftir skipulagi og vinni verkefni tengd læsi. -Allir á deildinni vanda sig í samskiptum og eru góðar fyrirmyndir.	-Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum og fylgist gagnrýnið með.	-Aukinn orðaforði málskilning og hljóðkerfi nd.
Útinám	-Að útinámið verði markvisst og tengist starfinu á deildunum. -Áhersla á læsi í viðum skilningi, samræður, samvinnu, umhverfisvitund - Að börnin njóti sín í útiveru og læri að meta umhverfi sitt. -Að hafa minni barnahópa svo allir geti notið sín vel.	-Hugrún skipuleggur útinám fyrir allan elsta árg. í samstarfi við deildarstjóra F.L og D.L. -Farið verður í 14-15 barna hópum í útinám aðra hverja viku. Dvergalandhópurinn verður skipt í tvennt í stað þrennt. -Hugrún fær undirbúningstíma í hverri viku og nýtir hann einnig til skráningar. Hún ætlar einnig að útfæra hugmyndir til úrvinnslu fyrir báða deildir.	-Frá hausti fram á vor	-Hugrún starfsmaður á Furðulandi.	-Starfsmenn Furðu og Dvergalands hittast á starfsdegi t.d. í lok tímaáætlunar og ræða hvernig til tókst.	-Að börni þekki nærumhverfi leikskólar náttúruna íslenskt v og að úth þeirra auk
Íslenska sem annað mál	-Skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning. -Lesið bækur við hæfi. -Auka öryggi barna í samskiptum	-Lestur á hverjum degi í minni hópum ef þarf. -Setja orð á alla hluti og allar athafnir í öllu daglegu starfi. -Tala skýrt, endurtaka orð/setningar á réttan hátt. -10 mínútna reglan	Allt skólaárið	Allir starfsmenn deildarinnar eru meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi, tala skýrt og vera málfyrirmyndir.	Einn leikskóli mörg tungumál. Leiðavísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli.	-Aukinn skilningur orðaforði -Aukið orð samskiptu og í íslensku umhverfi.



2.8 Innra mat Furðuland

Á Furðulandi voru í vetur 27 börn öll fædd árið 2013. Á deildinni voru 15 stelpur og 12 strákar. Fastir starfmenn deildarinnar voru þrír, tveir í 100% starfi og einn í 90% starfi. Fastur starfsmaður kom inn í 50% stöðu og sá um undirbúningsafleysingu. Fyrir áramót kom einn starfsmaður inn á deild þrisvar í viku í 4 tíma og sá um stuðning. Einn starfsmaður var í námi í leikskólakennarafræði til B.Ed. gráðu. Við unnum með þema bæði fyrir og eftir áramót. Árstíðirnar voru megin þema og það sem þeim viðkemur. Þemað fyrir áramót var sumar, haustið og veturinn eftir áramót fórum við inn á virðingu, umhyggju, hugrekki og vináttu ásamt Barnamenningarhátíð og vorið tengdist þar inní. Við lögðum einnig áherslu á útinám, læsi og frjálsa leikinn. Það var alltaf lestrarstund í hádeginu. Einu sinni í viku var málörvunarstund hjá öllum hópum. uppúr áramótum byrjuðum við með hringekju þar sem málörvun og færni skipuðu stóran sess.

	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Læsi	Að börnin verði læs á umhverfið og tilfinningar sínar. Efla málþroska og orðaforða. Jákvæð samskipti.	Í Útinámi lærum við á umhverfið í nágrenni leikskólans, menningu þess og hvað það hefur uppá að bjóða. Lestur alla daga og að að setja orð á alla hluti og athafnir. Lubbi. Að vinna með hugtökin vinátta, jafnrétti og lýðræði.	Ágúst 2019- júlí 2020	Sólveig deildarstjóri ber ábyrgð á að allir fari eftir skipulagi og vinni verkefni tengd læsi. Allir á deildinni vanda sig í samskiptum verum góð fyrirmynd. Allir á deildinni vinna að framkvæmd.	Skráningar úr ferðum. Fara yfir á deildarfundum og skipulagsdögum um hvernig gengur.	
Útinám	Að útinámið verði markvisst og tengist starfinu á deildunum. Áhersla á læsi í víðum skilningi, samræður, samvinnu, umhverfisvitund. Að hafa minni barnahópa svo allir geti notið sín vel.	Hugrún skipuleggur útinám fyrir allan elsta árg. í samstarfi við deildarstjóra F.L og D.L. Farið verður í 14-15 barna hópum í útinám aðra hverja viku.	September 2019- des 2019 Síðan aftur Jan. 2020- maí 2020	Hugrún	Starfsmenn Furðu og Dvergalands hittast á starfsdegi t.d. í lok tímaáætlunar og ræða hvernig til tókst.	
Íslenska sem	Að börnin upplifi sig örugg í hópnum og séu óhrædd við að tjá	Lestur á hverjum degi í minni hópum ef þarf. Setja orð á	Allt árið um kring.	Allir á deild	Einn leikskóli mörg tungumál.	



annað mál	sig og styrkist þannig félagslega.	hluti og athafnir. Nota 10 mínútu regluna hver starfsmaður talar við barnið í minnst 10 mínútur á dag. Mikilvægt að sýna öllum börnum áhuga og mæta þeim þar sem þau eru stödd.			Leiðavísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli.	
------------------	------------------------------------	---	--	--	---	--



3 Ytra mat

Skóla og frístunda svið sér um að gera ytra mat fyrir skólann. Nú í vor var foreldrakönnun gerð fyrir skólann. Voru 101 sem svöruðu könnunni og gerir það 68,5% svarhlutfall. Heildarárægingja er nokkuð góð eða 4,39. Þó eru nokkrir þættir sem við þurfum að skoða betur og getum bætt okkur í.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Foreldrar þekki stefnu/áherslur skólans	Að foreldrar skólas þekki þær áherslur sem skólinn vinnur með.	Vera með kynningu á skólanum á foreldrafundi að hausti. Senda út fréttabréf sem allir foreldrar fá. Þar er farið yfir áherslur skólans og markmið okkar með þeim	Vor 2020	Stjórnendateym i skólans	Foreldrakönn un	Vera komin í grænan lit með allan aldur eftir næstu könnun
Foreldrar geti leitað eftir ráðum um uppeldi og heilsu, samskipti sem snertir barnið	Kynna betur fyrir foreldrum að hægt sé að fá tíma hjá stjórnendum skólans hvenær sem þeim hentar. Gera	Senda í fréttabréfi hvert eigi að leita ef spurningar vakni um þessi efni	Haust 2019	stjórnendateymi	Foreldrakönn un	Þessi þáttur í grænu í næstu könnun



	betur grein fyrir þeim leiðum sem hægt er að far í þeim efnun.					
Meta framfarir barnsins	Að bæta aðgengi foreldra til að setja markmið fyrir barnið sitt og meta framfarir	Í foreldraviðta li að hausti setja foreldrar markmið fyrir veturinn með deildastjóra. Rætt er um styrkleika barnsins og hvernig i hægt er að nýta þá. Farið yfir þetta aftur að vori og framfarir metnar	Haust 2020	Stjórnendateym i skólans	Foreldrakönn un	Vera komin í grænan lit í næstu könnun
Leita til foreldra eftir tillögum og hugmyndum	Foreldrar verði virkir þátttakendur í starfinu	Athuga betur hvaða hugmyndir foreldrar hafa um skólalastarfið	Haust2020	Stjórnendateym i skólans	Foreldrakönn un	Vera komin í grænan lit í næstu könnun



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin á tímabilinu mars – apríl. Ég og aðstoðarleikskólastjórinn vorum saman í flestum viðtölunum. Voru þessi viðtöl að mörgu leiti gangleg og snerust aðalega um líðan fólks í vinnunni og hvernig það sæju sjálf sig í starfi næsta vetur. Munum við taka viðtöl við alla í stjórnendateyminu í lok september til að fara yfir áherslur deildarinnar og hvernig veturinn fari af stað.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn Langholt er í samvinnu við tvo grunnskóla í hverfinu, Langholtsskóla og Vogaskóla. Börnin skiptust nokkuð jafnt á milli þessara skóla og fóru í heimsókn í þann skóla sem þau stefndu á að fara í eftir því hvar þau eru búsett í hverfinu.

Við höfum nú í vetur tekið þá í þróunarvinnu sem á að stuðla að betri skilum á milli skólastiga...

Samstarf við Langholtsskóla

Mikið samstarf var einnig á milli kennara í leikskólunum í hverfinu og Langholtsskóla.

Dagsetning	Staður	Verkefni
<i>Föstudagur</i> 16. nóv.	Langholtsskóli – matsalur Kl.09.50-10:50	Dagur íslenskra tungu, hátíð í sal skólans Hver leikskóli og 1. bekkur verða með eitt atriði. Hulda með dagskrá um Jónas Hallgrímsson.
<i>Miðvikudagur</i> 19. des.	Langholtsskóli – matsalur	Leikskólum boðið að koma horfa á jólaleikrit 6. bekkjar. Deildarstjóri/kennarar halda utan um þetta
<i>Þriðjudagur</i> 29. janúar	Langholtsskóli	Kynning fyrir foreldra
<i>Fimmtudagur</i> 31. janúar	1. bekkur fer í leikskólana með boðskort í skólaheimsóknir	1. bekkur afhendir leikskólahópnum boðskort í skólaheimsókn. 1. bekk boðið að leika stutta stund á leikskólanum eða gera einhver verkefni. 1. bekkur fer í þá leikskóla sem þau voru á.



23. – 30. jan.	Skólastjóri hittir nemendur og sýnir þeim skólann 10:00 – 11:00	Hugsanlega kæmu 2 og 2 leikskólar, fer eftir fjölda nemenda.
11. feb. – 12. mars	Leikskólar heimsækja Langholtsskóla.	Leikskólabörnum er skipt niður á kennara og taka börnin þátt í þeirri vinnu sem stendur yfir (í risi, íþróttir eða smiðja). Frímínútur kl.9.30 Kennslustund kl.9.50-11.00
<i>Mánud. og þriðjudagur</i> 8. og 9. apríl	Langholtsskóli Kl. 14:00 – 16:00	Vorskóli Nemendur sem koma í Langholtsskóla.
<i>Fimmtudagur</i> 9. maí	Skreyta tré 10.10-10:50	Leikskólabörn hitta börn í 1. bekk og skreyta tré með þeim
<i>Föstudagur</i> 17. maí	Skólalóð Langholtsskóla Kl. 9:20	Leikjadagur: Kl.9:30-9:50. Allir saman í frímínútum. Kl. 10:00-11:00. Hittumst á pöllunum úti.



Samvinna við Vogaskóla

Samvinnan við Vogaskóla var ekki eins mikil og við Langholtsskóla en það stendur til bóta.

14. des	Lúsúsýning í Vogaskóla
18. mars	Heimsókn í kennslustund og frímínútur
19. mars	Heimsókn í kennslustund og frímínútur



6 Foreldrasamvinna

Við leggjum ríka áherslu í öllu okkar starfi að eiga gott samstarf við foreldra. Ég reyni að upplýsa þá vel um starfið okkar, við erum með Facebook hóp þar sem upplýsingar fara inn. Allir deildastjórar senda föstudagspóst þar sem farið er yfir vikuna. Einnig er sent heim í upphafi hvers mánaðar dagatal þar sem viðburðir og annað þann mánuðinn er dregið fram.

Við bjóðum upp á tvö foreldraviðtöl annað fer fram að hausti þar sem lagðar eru línur fyrir veturinn og foreldrar og kennara setja niður markmið. Að vori er seinna viðtalið þar sem farið er yfir hvernig hefur gengið.

Elstu börnin sem eru á leið í grunnskóla koma með í seinna viðtalið sem fer fram í maí. Þar er farið yfir styrkleika barnsins og hversu vel það hefur staðið sig í leikskólanum. Einnig er rætt ef það ef það eru sérstakir þættir sem barnið þarf að æfa sig aðeins betur í. Þetta viðtal er algjörlega á forsendum barnsins og styrkleikum þess.

Við Langholt er starfandi mjög öflugt foreldrafélag. Við erum ekki að funda neitt reglulega, heldur erum við með facebook spjall síðu þar sem mikið er rætt og langflest er skipulagt og ákveðið þar. Þó höfum við hist 4 sinnum í vetur til að spjalla saman.

Foreldrafélagið sér um:

Jólaleikrit

piparköku skreytingar

Sumarhátíð

Skipuleggja ferð í húsdýragarðinn sem farin er á laugardegi



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða 6 á árinu og verður leikskólinn lokaður allan daginn. 3 dagar eru skipulagðir í samvinnu með grunnskólunum Langholtsskóla og Vogaskóla, það á þó eingöngu við um tímasetningar ekki innihald. Starfsdagar verða nýttir í að vinna að innleiðingu á Menntastefnunni.

Haustönn 2019	Vorönn 2019
19. ágúst mánudagur + skóli	17. janúar föstudagur
4. október föstudagur	16. mars mánudagur+ skóli
29. nóvember föstudagur + skóli	15. maí föstudagur

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Valborg Guðlaugsdóttir

20 ágúst 2019

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	16	Einnig höfðu sérkennslustjórar aðkomu að vinnu með börnum sem eru með íslensku sem annað mál, en það eru um þriðjungur barnahóps leikskólans.
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	2	Sérkennslustjórar sinntu líka sérkennslu.
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	Unnið er eftir læsisstefnu Reykjavíkurborgar en einnig eru gerðar sér áætlanir fyrir börn sem þurfa meiri aðkomu.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	Unnið er að sameina og einfalda útlit til að auðveld vinnu út frá þeim. Áætlað er að hefja vinnu í ágúst 2019
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	nei	Farið er yfir nýjar áherslur með deildarstarfsfólki reglulega en ekki er hægt að segja að allir séu meðvitaðir. Stefnt er á að bæta úr þessu haustið 2019 með nýju útliti einstaklingsnámskráa.
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins þegar það á við.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla þátttöku deilda í vinnu út frá einstaklingsnám sskrám.	Að deildarstarfsme nn séu þátttakendur í að vinna út frá markmiðum einstaklingsnám skrár.	Tekin eru úr námskrám markmið sem vinna á með á ákveðnu tímabili. Deildarstarfs menn eru meðvitaðir um markmiðin og fá uppgefnar leiðir til að vinna að þeim.	Um leið og fyrsta námskráin er fullgerð.	Sérkennslustjóri og deildarstjóri	Eftir 2 vikur frá fyrsta máli. Á deildarfundi eða með fundi með deildarstjóra.	Deildarstarfs fólk sé meðvitað um markmiðin og sé dugleg að tileinka sér vinnubrögð sem gefin eru upp.
Samræma vinnulag sérkennslustjór a	Að sérkennslust. leggi sömu áherslur í fyrsta inngripi t.d. skráningar og fundir með foreldrum.	Sett upp skjal þar sem vinnulag er upplýst og auðvelda aðgengi að	Ágúst 2019	Sérkennslustjór ar	Samráðsfund ur sérkennslustj um áramót 19/20	Bera saman gögn og kanna hvernig gengur.



Einföldun einstaklingsnámskrár		listum sem á að nota.				
	Einfalda útfærslu einstakl. námskrá til að auðvelda notkun og uppsetningu.	Einföldum sniðmát til að flýta fyrir uppsetningu	Haust 2019.	Sérkennslustjórnar	Áramót 19/20, samráðsfundur sérkennslust.	Kanna hversu margar margar áætlanir hafa verið gerðar og byrjað að vinna eftir þeim.



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Í málörvunarstundum, í leik, unnið með heimamenningu / heimamál ofl.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Í málörvunarstundum, litlum hópum og í öllu daglegu starfi.
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Í málörvunarstundum, litlum hópum, í daglegum samskiptum og öllum athöfnum barns, með lestri, söng, leikjum.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Orðaskil - Efi-2 – Hljóm-2 Einn leikskóli mörg tungumál
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	



Endurmat

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Móttökuáætlun, fyrri hluti var tilbúin fyrir sumarlokun 2018 og var megináhersla í haust á fyrsta viðtal við foreldra, undirbúa og nýta aðlögunartímann vel og nota 10 mínútna regluna. Farið var eftir áætlun að einhverju leyti en alltaf tekur tíma að setja nýtt vinnuferli af stað.

Nokkuð vel gekk að nýta sér „Einn leikskóli, mörg tungumál“. Leiðarvísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli. Þar eru þrír áfangar og skráðu deildarstjórar stöðu barnanna.

Fyrsti áfangi – Barn sem er byrjandi í íslensku.

Annar áfangi – Barn sem er búið að vera í íslensku málumhverfi í leikskólanum í talsverðan tíma.

Þriðji áfangi – Barn sem er farið að nota íslensku í samskiptum og leik.

Málörvunar- og læsisstundir hafa verið unnar út frá þessum niðurstöðum og deildarstarfsmenn og verkefnastjóri hafa verið með málörvunarstundir fyrir þau börn sem hafa þurft á að halda. Þessi leiðarvísir verður notaður áfram og skráning á framförum barna verður gerð einu sinni til tvisvar á önn.

Drög að áætlun var ekki kynnt á skipulagsdegi í haust eins og til stóð. Leikskólastjóri taldi að það væri betra og árangursríkara að kynna hana fyrir stjórnendateyminu sem var gert á deildarstjórafundi.

Núna í mars 2019, er áætlun lokið og stefnt er að því að vinna eftir áætlun strax og frá með næsta hausti. Málörvunarstundir eru komnar af stað og í umhverfi deilda er búið að bæta ofan á annars mjög góða vinnu og verkefni sem fyrir voru.

Gefðu 10 – Tíu mínútnareglan er mikið notuð og virkar mjög vel og er starfsfólk hvatt til að setja orð á alla hluti, alla daga. Sem er að skila góðum og sýnilegum árangri og börnin hafa vaxið mikið í íslensku á þessu starfsári. Þau eru bæði öruggari og sterkari félagslega.

Ekki tókst að halda ákveðna fjölmeningardaga eða vikur. En hugmyndir eru í áætluninni sem verða vonandi nýttar á næstu árum.

Foreldrafundur fyrir foreldra tvítyngdra barna var haldin í nóvember og tókst mjög vel. Hefði verið gaman að sjá fleiri foreldra en þau sem mættu voru mjög ánægð með fundinn og nefnt var að halda fundi oftari yfir starfsárið.

Stutt kynning var m.a. á hefðum og hátíðum í leikskólanum, málörvunarstundum og gildi lesturs. Og að stefna leikskólans sé að öll börnin verði jafnstærk í íslensku þegar þau fara frá okkur í grunnskólann.



Svo komu þær Kriselle Lou og Magdalena brúarsmiðir frá MML, Miðju máls og læsis með fræðslu almennt um leikskólasamfélagið, hlutverk leikskólaforeldra, máluppeldi, máltöku og læsisþróun tvítýngdra barna á Íslandi og um Móðurmál Samtök um tvítýngi.

Saga Stephensen nýráðin verkefnastjóri fjölmennningar hjá sviðinu kom á fundinn sem var afar ánægjulegt.

Ákveðið var að halda aftur fund í haust og bjóða þá alla foreldra velkomna og auglýsa dagskrá fyrir.

Mínu verkefnastjórastarfi er að ljúka og er von mín sú að unnið verði eftir áætlun og hún bætt og þróuð áfram og lengra með árunum. Takk fyrir mig.

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Móttökuáætlun	Að allir deildarstjórar vinni eftir sömu áætlun.	Fundur að vori þar sem farið er vel yfir áætlun. Sett niður skipulag fyrir móttöku	Skólaárið 2019-2020.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskól astjóri, verkefnastjóri.	Að vori með stjórnendate ymi - Foreldrakönn un.	Að deildarstjóra r og starfsfólk verði meðvitaðri um mikilvægi góðrar



		móttöku barna.				foredrasamvinnu – Ánægðir foredrar.
Málörvun í gegnum leik og dagleg samskipti	Að auka og gera daglegt starf markvissara í vinnu með börnum með íslensku sem annað mál.	Með fræðslu á skipulagsdegi að hausti og á deildarfundum nokkrum sinnum yfir veturinn.	Skólaárið 2019-2020.	Stjórnendateymið.	2-3 sinnum yfir vetur 10 mínútna reglan – Einn leikskóli mörg tungumál – Efi-2 - Hljóm-2.	Að starfsfólk verði meðvitaðra um gildi og mikilvægi málörvunar í gegnum leik og daglegt starf – heimamening/heimamál
Foreldrafundur	Að auka og bæta foreldrasamstarf.	Foreldrafundur að hausti. Fá kynningu frá brúarsmiði Miðju máls og læsis.	Október /nóvember 2019.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskóalstjóri, verkefnastjóri.	Á vorönn með stjórnendateymi – foreldrakönnun.	Að starfsfólk og foreldrar geti nýtt þá þjónustu og ráðgjöf sem er í boði innan og utan leikskólans.



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020

Langholt

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hrefna Stefánsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlunin er sett skýrt fram þar sem farið er yfir seinasta starfsár og áætlanir 2019-20 settar fram á skýran hátt. Farið er yfir það sem er vel gert og það sem má bæta. Vel læsilegt og á erindi til allra foreldra barna á Langholti.

Foreldraráð fagnar þeirri nýjung að í haust verði kynning á áherlsum skólans og menntastefnu og vonum við að þetta verði til þess að foreldrar verði meðvitaðri um starf leikskólans

Hrefna Stefánsdóttir





